

## Gagnsæisskýrsla SKL 2022

Samtökin heita **Samtök kvikmyndaleikstjóra (kt: 590296-2449)**, skammstafað SKL og megintilgangur félagsins er að standa vörð um höfundarétt kvikmyndaleikstjóra og gæta hagsmuna þeirra. Samtökin voru stofnuð í Reykjavík 11. október árið 1989.

Skýrsla þessi er unnin skv. beiðni IHM sbr. skyldu til þess skv. 7. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2019 en SKL er svokallaður félagsaðili skv. þeim lögum en félagið tekur við greiðslum frá Innheimtumiðstöð rétthafa sbr. m.a. 26. gr. (a) höfundarlaga nr. 73/1972 og útdeilir þeim til félagsmanna SKL skv. úthlutunarreglum félagsins.

Félagar geta orðið þeir kvikmyndaleikstjórar sem vinna óumdeilanlega sem kvikmyndahöfundar og uppfylla innökuskilyrði sett af félaginu.

Stjórn er skipuð til tveggja ára. Formaður má ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í röð. Núverandi stjórn samtakanna, kosin á aðalfundi 9. maí 2022, skipa:

Ragnar Bragason, 150971-4549, formaður

Hrönn Sveinsdóttir, 250777-5159, varaformaður

Dagur Kári Pétursson, 121273-4709, ritari

Karna Sigurðardóttir, 230984-3529, gjaldkeri

Hilmar Oddsson, 190157-3779, meðstjórnandi

Ása Helga Hjörleifsdóttir, 010884-2259, varamaður

Dögg Mósesdóttir, 190379-2999, varamaður

Stjórnarliðar þiggja laun fyrir stjórnarsetu og geta sótt höfundagreiðslur (bætur) sem félagið hefur umsýslu um til félagsins. Umsóknir þeirra meðhöndlast á sama hátt og umsóknir annarra óbreyttra félagsmanna.

Samtökin eru aðilar og tilnefna í stjórnir ýmissa samtaka hérlendis sem og erlendis, t.d. IHM (Innheimtumiðstöð gjalda), IKSA (Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían), Bíó Paradís, BÍL (Bandalag íslenskra listamanna), Kvikmyndaráðs og ýmissa nefnda og ráða.

Tekjuliðir félagsins eru helstir,

félagsgjöld, sem ákveðin eru á aðalfundi,

styrkir (t.d. frá KMÍ – Kvikmyndamiðstöð Íslands) og

höfundagreiðslur, einkum svokallaðar IHM bætur vegna sýninga í fjöl- og netmiðlum skv. ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972.

Núverandi félagsgjöld eru 25.000 kr.

Aðalfundur tekur ákvörðun um þóknun stjórnar. Núverandi stjórnarlaun eru:

Formaður: 400.000 kr í árslaun.

Gjaldkeri: 300.000 kr í árslaun.

Varaformaður, ritari og meðstjórnandi: 200.000 kr í árslaun.

Samtökin eru aðilar að Innheimtumiðstöð rétthafa (IHM) og annast úthlutun til leikstjóra á greiðslum sem berast frá IHM á grundvelli 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Stjórn samtakanna setur úthlutunarreglur á grundvelli úthlutunarstefnu og hefur umsjón og eftirlit með úthlutun.

Helstu útgjöld samtakanna eru

IHM bætur til meðlima félagsins (greitt skv umsóknum félagsmanna),

Fundarkostnaður (stjórnar- og félagsfundir),  
Ferðakostnaður (t.d. á þing, fundi, vinnusmiðjur og aðalfund FERA),  
handritasmiðja (fjármögnuð með styrki frá KMÍ),  
félagsgjöld til FERA (Evrópusamtök kvikmyndaleikstjóra) og BÍL (Bandalag íslenskra listamanna),  
laun stjórnarmanna (sjá hér að ofan),  
styrkir (t.d. til Stockfish-kvikmyndahátiðarinnar) og annar tilfallandi kostnaður.